



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Handbók **Fyrirmyndarfélag ÍSí**  
Knattspyrnudeild UMFN





## Ungmennafélag Njarðvíkur


knattspyrnudeild

### 1. Markmið og skipulag deildarinnar

#### Staðan í dag

Knattspyrnudeild UMFN var stofnuð 1968 og hefur starfað síðan að knattspyrnumálum innan Ungmennafélags Njarðvíkur (UMFN). Fyrir árið 1968 var knattspyrna ásamt öðru félagsstarfi UMFN stjórnað af félaginu sjálfu. Á síðustu árum höfum við byggt upp kröftugt yngri flokka starf í knattspyrnu fyrst í Njarðvíkurbæ og síðan Reykjanesbæ, þar sem við höfum verið að búa til knattspyrnumenn fyrir meistaraflokks lið okkar ásamt því að veita fjölda annara iðkenda möguleika á að vera með, sækja mót og taka þátt í skemmtilegum keppnisferðum bæði innan og utanlands. UMFN var eitt fyrsta félagið á Íslandi til að koma sér upp graskeppnisvelli en Njarðvíkurvöllur var tekin í notkun 1957 og var í notkun til 2006. Árið 2007 fluttum við starfsemina á nýtt íþróttasvæð við Afreksbraut og þar erum við með keppnis og æfingaaðstöðu ásamt allri stjórnunaraðstöðu.

1. Markmið með starfi Knattspyrnudeildar UMFN er að standa fyrir eflingu knattspyrnuíþróttarinnar hér í bæ. Einnig að auka áhuga fólks á öllum aldri á íþróttinni sjálfri og félagsstarfi sem myndast með starfinu.
2. Samfara íþróttastarfinu er stefnt að eflingu alls félagsstarfs, þar sem hægt er að standa fyrir uppákomum bæði í íþróttaaðkun sem öðru. Þá skal halda tryggð við þá sem verið hafa með okkur sem iðkendur þannig að þeir muni það ávallt og sé ávallt tilbúnir að veita aðstoð og stuðning þegar þess er leitað.
3. Aðal markmið með íþróttalegu starfi er að byggja upp knattspyrnulið í öllum flokkum með mismunandi áherslum bæði á keppni, til ánægju og skemmtunar. Ávallt skal reyna að halda sem flestum iðkendum að sem lengst þannig að hægt sé að halda sem festum flokkum í keppni.
4. Stjórnir og ráð skulu vera mönnuð fólki úr félagsstarfinu. Leita skal til fólks á öllum aldri og þá skal einnig stefnt að því að félagsmenn á aldrinum 16 til 25 hafi hafi í.þ.m. áheyrnarrétt á stjórnarfundum og þá væntanlega tillögurétt.
5. Deildin skal rekin á því fjármagni sem hún getur aflað og skal ekki farið yfir strikið eða ætla sér um of. Í fjárhagsáætlunum skal ávallt haft mið af rekstri fyrra árs bæði í gjöldum og tekjum. Virkja skal alla félagsmenn til að standa vörð um rekstrarafkomu deildarinnar með því að þeir beiti sér félagi sínu til framdráttar hver á sinn hátt eftir getu og möguleikum. Deildin skal selja þjónustu sína á því verði sem hún kostar og ekki taka þátt í undirboðum til að laða að iðkendur.
5. Skipurit deildarinnar.





## Ungmennafélag Njarðvíkur

knattspyrnudeild

### 2. Umgjörð þjálfunar og keppni

---

#### Staðan í dag

Í dag starfrækjum við knattspyrnuæfingar allan ársins hring. Starfsár yngri flokka hefst 1. október og líkur um mánaðarmótin ágúst/september. Yfirþjálfari/þjálfari skipuleggur æfingar og keppnisferðir í samstarfi við framkvæmdastjóra deildarinnar og foreldraráð. Þá fundar hann með öðrum starfandi þjálfurum fyrir upphaf nýs starfsárs og meðan það stendur yfir. Aðstoðarþjálfari er einnig í stöfum og höfum við haft það þannig undanfarin ár. Einnig höfum við boðið ýmsa sérþjálfun (aukæfingar) eins og fyrir markmenn.

---

#### Stefnan félags um þjálfun og keppni barna og unglinga

1. Stefna okkar er að veita gefa öllum verðandi iðkendum okkar jafnan möguleika á kennslu í íþróttini og þeim aga og umgengisreglum sem eru í gangi hverju sinni.
  2. Sama á við þá sem lengra eru komnir. Þar erum við reiðubúnir að styðja við bakið á þeim sem lengra eru komnir og eru fljótir að beisla hæfileka sína sem og þeim sem eru ekki jafnfljótir að ná tókum á íþróttini.
  3. Við tókum þátt í þeim mótum og leikjum sem okkur stendur til boða. Í keppnum svosem Íslandsmóti munum við stefna þeim sterkustu saman einnig finna þeim sem ekki teljast til þeirra keppni við hæfi.
  4. Einnig munum við tileinka okkur og starfa í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSí um íþróttir barna og unglinga.
  5. Allt eftirlit og umsjón er í höndum Barna og unglingaráðs.
- 

#### Kennslu, keppnis og æfingaskrá deildarinnar

Varðandi allt skipulag á keppni og æfingum vísum við í **Uppeldisstefna og handbók Knattspyrnudeildar Njarðvíkur** sem er aðgengilega á heimasíðu deildarinnar

[http://umfn.is/resources/Files/1062\\_Uppeldisstefna%20Njarðvíkur%20-%20202.pdf](http://umfn.is/resources/Files/1062_Uppeldisstefna%20Njarðvíkur%20-%20202.pdf) .

Þar er allt sett fram hvað við leggjum áherslu á í hverjum flokki fyrir sig. Uppeldisstefnan var samþykkt á aðalfundi knattspyrnudeildar 17. febrúar 2010 og var síðan uppfærð og útgáfa 2 var samþykkt 8. október 2011. Uppeldisstefnan verður tekin til endurskoðunar á ný ef eitthvað er sem þarf að breyta eða uppfæra.





## Ungmennafélag Njarðvíkur

knattspyrnudeild

### 3. Fjármálastjórn

---

Staðan í dag

Rekstur deildarinnar í þremur einingum og hefur verið svo síðan árið 1999.

1. **Rekstur deildar**, sér um rekstur Íþróttasvæðisins við Afreksbraut ásamt almennum rekstri deildarinnar.
2. **Rekstur yngri flokka**, sem sér um allan rekstur yngri flokka, frá 7. flokki að 3. flokki.
3. **Rekstur meistaraflokks**, sem sér um allan rekstur meistaflokks og 2. flokk.
4. Bókhaldsár deildarinnar er almanaksárið frá 1. janúar til 31. desember. Aðalfundur deildarinnar fer fram í febrúarmánuði.
5. Hver eining er með sjálfstæðan reikning. Tekjur og gjöld hvorrar einingar eru færð í bókhaldi sér, bókhald allra deilda er fært af framkvæmdastjóra deildarinnar. Bókhald deildarinnar er síðan sent til endurskoðanda UMFN sem gengur frá ársreikning. Aðal endurskoðandi UMFN er Reynir Ólafsson viðskiptafræðingur hjá Skattskýslan sf – bókhaldsþjónusta, Hafnargötu 90, 230 Reykjanesbæ. Bókkhalds færslu kerfi sem UMFN notar er frá DK hugbúnað.
6. Framkvæmdastjóri deildarinnar er einnig vallarstjóri og sér um allan daglegan rekstur og annari starfsemi deildarinnar. Yfirumsjón með fjáröflunarvinnu, innheimtu æfingagjalda, styrkjasmölun, og annara tekna allra þriggja rekstareininga.  
Vinnuaðstaða framkvæmdastjóra er á skrifstofu deildarinnar í Vallarhúsinu Afrekstbraut 10 260 Reykjanesbæ.

---

#### Starfsmenn deildarinnar

Hjá deildinni í dag eru eftirfarandi störf.

1. Framkvæmda og vallarstjóri sem er eini fasti starfsmaður deildarinnar.
2. Knattspyrnuþjálfarar fyrir hvern flokk og eru þeir allir í hlutastörfum.
3. Allir þjálfarar eru launþegar.
4. Aðstoðarþjálfarar sem eru aðalþjálfurum til aðstoðar.

Hver knattspyrnuþjálfari er með einn flokk en þó kemur fyrir að þeir taki að sér tvo flokka. Yfirþjálfari er annað hvort með flokk sjálfur eða hann starfar aukalega. Þetta fer alfarið eftir hvernig er ráðið í stöðurnar hverju sinni.





#### 4. Þjálfaramenntun

---

##### Staðan í dag

*Í dag er allir þeir þjálfarar sem starfa hjá okkur með þau þjálfararéttindi sem KSÍ gerir kröfur til. Þess hefur verið krafist þegar til ráðingar kemur en einnig höfum við á undanförunum árum sent þjálfaraefni á námskeið. Stefna okkar er ávallt sú að ráða til okkar þjálfara með full réttindi til þjálfunar eða með réttindi íþróttafraeðinga.*

---

##### Stefna í þjálfaramálum

1. Ávallt skal stefnt að því að ráða þjálfara með full réttindi sem KSÍ gerir kröfur til. Sé ekki hægt að fá menntaðan aðstoðarþjálfara, skal það vera í höndum yfirþjálfara að kynna fyrir viðkomandi hvernig starfað sé og skal þá notast við það kennslu efni sem KSÍ notar við sín námskeið.
2. Ef fjöldi einstaklinga í flokk eru um 20 einstaklingar skal ráða aðstoðarþjálfari. Aðstoðarþjálfarar skulu koma úr röðum yngri knattspyrnumanna og skal með því reynt að búa til þjálfari framtíðarinnar.
3. Stefnt skal að því að styrkja alla þá sem áhuga hafa á að sækja þjálfaranámskeið í von um að frambærilegur þjálfari verði til innan deildarinnar.
4. Yfirþjálfari skal funda reglulega með stjórn eða framkvæmdastjóra um málefni flokka og æfingar. Á fundunum skal fara yfir keppni, æfingasókn, æfingatíma.





## 5. Félagsstarf

---

### Staðan í dag

Stór hluti að félagsstarfi okkar fyrir utan knattspyrnuíðkunar í dag eru í formi samverustunda þar sem ýmislegt er gert til að brjóta upp félagsstarfið. Þetta hefur verið gert með reglulegum hætti yfir vetrarmánuðina fyrir yngstu flokkana en óreglulegar með þeim eldri. Starfið hefur ávallt verið í höndum þjálfara og hefur hann séð um skipulag og framkvæmd. Sjálfsagt er hægt að gera betur á ýmsum sviðum en þar sem iðkendur er flestir í öðrum greinum og tómskundastarfi má passa sig að ofgera ekki hlutunum.

---

### Áætlun um félagsstarf

Þar sem iðkendur okkar skiptast niður í flokka munum við skipuleggja allt félagsstarf umhverfis flokkana sjálfa eða hvern aldurshóp allt eftir hvað er í boði.

1. Haldið verður áfram að hafa samverustundir reglulega fyrir yngstu flokkana líkt og verið hefur í gegnum árin. Á þessum "samverustundum" verður líkt og áður stefnt að því að iðkenndur geti komið saman farið í bingó og leiki, fönðrað, horft myndir.
2. Fyrir aðra aldurshópa verður stefnt á að koma á legg föstu félagsstarfi fyrir hvern flokk eða aldurshóp fyrir sig í formi "opins hús" þar sem hægt verði að kynna starfsemi deildarinnar, aðra starfsemi, önnur tómskundatækifæri og fróðleik. Þessi "opnu hús" eða annað.
3. Haft verið samstarf við foreldra, aðrar deildir og félög, fyrirtæki og stofnair í að koma þessu á. Allt eftir því hvað verið er að gera.
4. Talsmaður deildarinnar verður ávallt í þessu félagsstarfi þjálfarinn nema aðrir komi til með að stjórna þessum þætti. Eftirlit með þessari starfsemi er í höndum þeirra stjórna eða ráða sem falin veður umsjón með þeim.
5. Þar sem við höfum á undanförnum árum staðið fyrir þó nokkru félagsstarfi, er það eina sem við þurfum að gera er að setja þetta inni æfingatöflu hvers tímabils fyrir sig. Ekki skal endilega miða við að starfsemin sé bundin við eitthvern ákveðin árstíma heldur sé félagsstarfið virkt allan ársins hring.
6. Það sem við teljum okkur fá útúr öflugra félagsstarfi er að iðkendur kynnast betur og ná að bera virðingu fyrir félögum sínum bæði í íþróttaiðkun sem félagsstarfi.





## 6. Foreldrastarf

---

### Staðan í dag

Á undanförunum árum höfum við lagt upp með að vera í góðu sambandi við foreldra iðkenda þá mest í sambandi við skipulag keppnisferða og allskyns fjáröflunar vinnu. Samstarf við foreldra hjá okkur hefur þróast í þá veru að við höldum fundi í upphafi starfsárs þar sem við leggjum það í hendur þeirra hvort ráðist verði í ákveðin verkefni sem oftast snúa að keppnisferðum innan sem til útlanda. Of er ansi misjafnt hversu virkir foreldrar eru, við reynum alls ekki að of gera foreldrum með vinnu enda ansi misjafnt hversu skilningur sumra er á þessu starfi og mikilvægi.

---

### Starfsreglur foreldrarráða

1. Í hverjum starfandi flokki hjá okkur skal vera starfandi foreldraráð, annaðhvort skipað þremur eða fimm einstaklingum. Ráðið starfar undir barna og unglingaráði.
2. Starfslýsing þeirra er þessi.
  - a. Vinna með Barna og unglingaráði og þjálfurum að skipulagningu keppnis og æfingaferðalaga.
  - b. Hafa yfirumsjón með allri fjáröflunarvinnu viðkomandi flokks ef einhver er.
  - c. Starfa með öðrum foreldraráðum flokka hjá deildinni ef þess gerist þörf.
3. Hvert foreldraráð sjá sjálfstætt um allt sem snýr að fjármálum í verkefnum flokksins og fjáraflana.
4. Foreldraráð er tengiliður deildarinnar inni hvern flokk og koma ráðin til með að aðstoða deildina í stórum verkefnum sem hún er í hverju sinni og útheimtir mannskap.
5. Stjórn, eða barna og unglingaráð þurfa að samþykkja allar ráðagerðir, leggja fyrir stjórn
6. Engu ráði er heimilt að fara í fjáröflun nema að skýra frá eða sækja um til stjórnar.





## 7. Fræðslu og forvarnastarf

---

### Staðan í dag

*Knattspyrnudeild Njarðvíkur leggur ríka áherslu á að börnunum líði vel í starfi hjá félaginu. Ef grunur leikur á að barn sé lagt í einelti á æfingum eða í tengslum við uppákomur félagsins er mikilvægt að boðum um það sé komið á framfæri við yfirþjálfara eða framkvæmdastjóra deildarinnar.*

---

### Áfengis - og tóbaksneysla

1. Deildin hvetur alla iðkendur sína að temja sér heilbriggt lífverni og taka þátt í íþróttastarfi eins lengi og þeir geta hvort sé um keppnismensku, stjórnunarstörf eða annað innan deildarinnar.
2. Deildin mun taka þátt í að aðstoða foreldra með iðkendur sem kunna að rata á ranga braut.
3. Við munum ekki auglýsa áfengis eða tóbakauglýsingar á okkar íþróttasvæði og í blöðum sem við gefum út. Einnig að banna notkun tóbaks í námunda við aðstöðu okkar á íþróttasvæðinu.
4. Aukinn fjölbreytin í félags og íþróttastarfi ætti að tryggja fleiri iðkendur og lengri veru í starfi deildarinnar.
5. Fylgja eftir stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um forvarnir og fíkniefni.
6. Þjálfarar og félagsfólk okkar taki þátt í að vinna gegn afengis, tóbak og eituryfja notkun með því að leggja allskyns baráttu og átökum krafta sína.
7. Deildin leggur áherslu á að það meistaraflokkurinn sé fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur okkar og þeir hvorki reyki eða noti munntóbak á íþróttasvæðinu. Einnig að allir þjálfarar geri þetta einnig.
8. Stjórn deildarinnar mun alfarið sjá um að taka ákvörðun og fylgja eftir allri vinnu og verkefnum í þessum lið.

### Einelti

Einelti getur átt sér stað hvar sem er og hvenær sem er. Umræða um einelti þarf sífellt að vera í gangi og allir verða að vera vakandi og meðvitaðir um vandamálið. Samræmdar aðgerðir og skipulagðar forvarnir hafa sýnt bestan árangur í baráttunni gegn einelti. Knattspyrnudeild UMFN gerir allt sem í hennar valdi er til að leysa eineltismál á farsælan hátt. Hægt er að sjá viðbragðsáætlan á eftirfarandi slóð:

[http://umfn.is/resources/Files/1445\\_Feril%20eineltismála%20hjá%20Sundráði%20ÍRB\\_2.pdf](http://umfn.is/resources/Files/1445_Feril%20eineltismála%20hjá%20Sundráði%20ÍRB_2.pdf)

### Kynferðislegt ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum og unglingum í íþróttum getur átt sér stað á þessum vettvangi sem og öðrum. Nauðsynlegt er að vera undirbúin að taka á þeim málum ef þau koma upp. Sunddeild UMFN gerir allt sem í hennar valdi er til að leysa þessi mál og notar þess til aðstoðar bækling sem gefin var út af ÍSÍ en markmið hans er að:

- Auka meðvitund íþróttafélaga um að kynferðislegt ofbeldi getur átt sér stað á þeim vettvangi eins og öðru
- Hvetja íþróttafélög til umræða um hvernig hægt sé að fyrirbyggja kynferðisofbeldi
- Fræða þjálfara, stjórnendur og sjálfboðaliða um hvað átt sé við þegar talað er um kynferðislega misnotkun
- Fræða þjálfara, stjórnendur og sjálfboðaliða um þau lagaskilyrði sem gilda um kynferðisleg samskipti við börn.

Hér má sjá bæklingin sem um ræðir á eftirfarandi slóð:

<http://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Fraedslubaeklingar-isi/kynferdislegt%20ofbeldi%20%C3%AD%20%C3%ADþróttum.pdf>







## 8. Jafnréttismál

---

### Staðan í dag

*Allt frá því að knattspyrnudeildin gekkst undir Leyfiskerfi KSÍ hefur stefna deildarinnar verið birt á heimasíðunni. Í dag eru aðeins drengir sem stunda knattspyrnu hjá deildinni engin sérstakur flokkur fyrir stúlkur, við höfum á undanförunum árum reynt að byggja upp knattspyrnu fyrir stúlkur en nægur áhugi hefur ekki verið fyrir ekki fyrir hendi. Þetta bendir ekki til að deildin hafi ákveðið að mismuna kynunum, heldur er áhugi og nóg framboð að íþróttu og tólmundastarfi að valda þessu.*

---

### Stefna Knattspyrnudeildar Njarðvíkur í málum jafnréttis kynþátta og hvers konar fordóma

KSÍ með stuðningi UEFA og Mastercard stendur fyrir verkefninu Knattspyrna - Leikur án fordóma. Verkefnið er þrjúþætt og miðar að því að útrýma fordómum úr knattspyrnunni á Íslandi, koma í veg fyrir einelti og leggja áherslu á heiðarlegan leik.

Knattspyrnudeild Njarðvíkur hvetur áhorfendur og stuðningsmenn Njarðvíkur að hafa að leiðarljósi að útrýma hverskonar fordómum og hafa jafnrétti að leiðarljósi. Knattspyrnan er leikur án fordóma.

Knattspyrnudeild Njarðvíkur leggur áherslu á að:

- Að leikmenn Njarðvíkur leiki knattspyrnu án alvarlegra leikbrota og án rifrilda við dómara.
- Að þjálfarar Njarðvíkur hvetji leikmenn sína til að leika heiðarlega og reyni ekki á þolinmæði dómarans. Okkar þjálfarar eru fyrirmynd leikmanna.
- Að áhorfendur Njarðvíkur og stuðningsmenn njóti leiksins, hvetji leikmenn sína áfram og sameinist um að útiloka öll niðrandi ummæli til leikmanna og dómara á vellinum.
- Að forráðamenn Njarðvíkur sinni starfi sínu af ábyrgð og heiðarleika.
- Að foreldrar og forráðamenn barna hvetji þau til að leika heiðarlega, styðji við bakið á þeim í knattspyrnunni, mæti á leiki og sýni stuðning við allt liðið og sleppi öllum niðrandi ummælum um leikmenn og dómara.
- Njarðvík mun hvetja fjölmiðla til að ýta undir heiðarlegan leik með jákvæðri umfjöllun.





## 9. Umhverfismál

---

### Staðan í dag

*Stefnu okkar í umhverfismálum er mikið til sú sama og við settum fram 2004. Bann við reykingum er í aðstöðu okkar í og við íþróttavallarhús okkar og hefur verið í mörg ár. Til að marka okkur umhverfisstefnu teljum við að best sé að byrja heima hjá sér þess vegna verður lögð mest áhersla á okkar íþróttasvæði í okkar stefnu. Sumarið 2013 hófum við gróðursetingu trjáa sem eiga að ná umhverfis allt íþróttasvæðið.*

---

### Umhverfisstefna okkar

1. Að íþróttasvæði okkar við Afreksbraut sé ávallt snyrtilegt og iðkendur kvattir til að ganga vel um það.
  - Ruslafötur eru settar upp á svæðinu svo þeir sem ganga um svæðið geti losað sig við það sem þeir vilja.
  - Stefnt skal að því að vera með hreinsunaráttak að vori til að hreinsa íþróttasvæði sitt eftir veturinn.
  - Íþróttasvæði okkar verði fegrað með því að planta blómum og trjám.
  - Notast verði að notast við umhverfisvænar hreinlætis þar sem því er við komið.
  - Settar verða upp merkingar um snyrtilega umgengi.
  - Vallarstjóri sér um að framkvæmd þessari sé framfylgt.
2. Að iðkendur okkar gangi alltaf vel um önnur íþróttamannvirki í Reykjanesbæ þar sem þau eru við æfingar á okkar vegum.
3. Að iðkendur okkar gangi ávallt vel um önnur íþróttamannvirki sem þau eru við keppni og æfingar hvar sem þeir eru hérlendis sem erlendis.
4. Deildin haldi áfám að safna og hvetja iðkendur sína að safna saman einnota drykkjar-umbúðum ásamt því sem er fjölnota sem hluti af fjáröflunarvinnu sinni.
5. Deildin taki þátt í umhverfisátökum sem standa yfir og leggji þeim lið bæði í áróðri og mannskap.





**Ungmennafélag Njarðvíkur**

knattspyrnudeild

## 10. Um handbókina

---

Þetta er önnur útgáfa af handbók Knattspyrnudeildar UMFN vegna verkefnisins Fyrirmyndafélag ÍSÍ, sú fyrri var unnin og lögð fram árið 2004. Handbókin er einnig gerð til að uppfylla skilyrði Íþróttabandalags Reykjanesbæjar um Betra félag, betri deild vegna úthlutunar á styrkjum sem Bæjarstjórn Reykjanesbæjar.

Knattspyrnudeild UMFN hefur sett sér það að uppfylla allt það sem farið er fram á vegna verkefna þessa.

Þessi handbók er því önnur útgáfa okkar af stefnu okkar og markmiðum, ekki endanlegt plagg heldur munum við að sjálfsögðu yfirfara og sníða handbókina betur af okkar málum eftir því sem tíminn líður og aðstæður breytast.

Samþykkt af stjórn deildarinnar 9. janúar 2014

